


Kjósum VG 14. maí

# Göngum lengra í Árborg



VINSTRI GRÆN

„Það skiptir miklu máli að hugsa til framtíðar í öllum málaflokkum og hafa jafnrétti, jöfnuð og umhverfismál að leiðarljósi í ört stækkandi sveitarfélagi.“



## Ávarp

Kæru íbúar Árborgar!

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 14. maí næstkomandi. Við hvetjum alla til að nýta sér þann lýðræðislega rétt að ganga að kjörborðinu og hafa þannig áhrif á verk og gjörðir kjörinna fulltrúa á næsta kjörtímabili. Frá árinu 2002 hafa Vinstri græn boðið fram undir eigin merkjum í Sveitarfélaginu Árborg og átt bæjarfulltrúa frá 2006-2014. Við teljum mikilvægt að Vinstri græn eigi sæti í bæjarstjórn og geti þannig haft áhrif á framkvæmdir og stefnumörkun innan bæjarfélagsins.

Eitt af forgangsmálum komandi kjörtímabils verður að byggja upp þjónustu og innviði sveitarfélagsins í takt við íbúafjölgun. Það skiptir miklu máli að hugsa til framtíðar í öllum málaflokkum og hafa jafnrétti, jöfnuð og umhverfismál að leiðarljósi í ört stækkandi sveitarfélagi. Það skiptir máli hver stjórna og því teljum við mikilvægt að Vinstri græn fái kjörgengi í þessum kosningum.

Við horfum bjartsýn til framtíðar, stefnumál okkar eru skýr: Við leggjum megináherslu á fjölskylduvænt, réttlátt og umhverfisvænt samfélag þar sem allir íbúar Árborgar sitja við sama borð.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð er róttækur vinstriflokkur sem leggur höfuðáherslu á jöfnuð og sjálfbærni. Stefna Vinstri grænna byggist á fjórum grunnstoðum: Umhverfisvernd, kvenfrelsi, alþjóðlegri friðarhyggju og félagslegu réttlæti. Vinstri græn eru nú leiðandi afl í ríkisstjórn Íslands, með þrjá ráðherra og átta þingmenn á Alþingi.

Ágætu íbúar Sveitarfélagsins Árborgar! Fylkjum okkur um V- lista Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í kosningunum og setjum X við V til að stuðla að réttlátara samfélagi.

Göngum lengra í Árborg

Frambjóðendur VG í Árborg

# Efnahags- og atvinnumál

Vinstri græn í Árborg leggja áherslu á gagnsæi, aðgæslu og ráðdeild í fjármálum og að sveitarfélagið setji sér ábyrga stefnu í fjármálum. Mikilvægt er að öll uppbygging og allar fjárfestingar séu byggðar á vandaðri áætlanagerð og ítarlegri kostnaðargreiningu áður en til framkvæmda kemur.

Forgangsröðun verkefna er mikilvæg og nauðsynlegt að horfa á rekstur sveitarfélagsins sem samfélags en ekki hagnaðardrífins fyrirtækis. Umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið þurfa að einkenna fjárhagsáætlanir og framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Vinstri græn í Árborg vilja leggja áherslu á nýsköpun og rannsóknir sem er lykilatriði í því að fjölga stöðum undir efnahags- og atvinnulíf. Tryggja þarf jöfn tækifæri til atvinnusköpunar með markvissri uppbyggingu fjarskipta, háhraðanettenginga, menntunartækifæra, heilbrigðisþjónustu og annarrar grunnþjónustu.


Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein sem kemur inn á öll svið íslensks samfélags og mannlífs. Hér í Árborg höfum við ótal tækifæri til að efla þjónustu við ferðamenn með uppbyggingu á atvinnu- og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu og með áherslu á sögu og einkenni svæðisins.

Við viljum efla menningarferðaþjónusta á forsendum lifandi samfélaga, varðveislu menningararfs og stuðnings við fjölbreytt menningarstarf.

Hafin verði uppbygging á grænum iðngörðum í samstarfi við ríki, stofnanir og atvinnulíf sem byggjast á sjálfbærni, vistvænni orku og stuðla að hringrásarkerfinu.

Landbúnaður spilar stórt hlutverk í Árborg og sögu svæðisins. Því er mikilvægt að sveitarfélagið hlúi að landbúnaði og landbúnaðartengdri starfsemi.

Framtíðin þarf að byggjast á jöfnum tækifærum öllum til handa, virðingu fyrir náttúrunni og gróskunni sem þrífst í fjölbreytninni en ekki stórum heildarlausnum. Þörf er á nýrri nálgun sem gengur út frá sjálfbærni, samvinnu, jöfnuði og félagslegu réttlæti.



## Vinstri græn vilja:

- Að Árborg hafi forgöngu um að **fjölga stöfum án staðsetningar**.
- Að sveitarfélagið **styðji við bakið á nýsköpunar - og sprotafyrirtækjum**, m.a. með því að setja upp fjarvinnukjarna sem stendur öllum til boða.
- **Skapa störf í náttúru- og umhverfisvernd**.
- Stuðla að **uppbyggingu grænna svæða** sem auka aðdráttarfl og efla ferðaþjónustu.
- Endurskoða tekjustofna sveitarfélagsins og sýna **aðgæslu og ráðdeild í fjármálum bæjarins**.
- Að rekstur á stofnunum Árborgar verði á vegum sveitarfélagsins, ekki einkaaðila.
- Auka **upplýsingagjöf og gagnsæi í fjármálum bæjarins**, þau verði sett upp sjónrænt og aðgengileg hinum almenna íbúa.
- Leggja áherslu á **hringrásarhagkerfi**, m.a með áburðarframleiðslu.
- Að Árborg vinni eftir keðjuábyrgð í kaupum á vörum og þjónustu og fylgi verklagsreglum í útboðum og innkaupum.
- Að búnir verði til hvatar til að **fullvinna afurðir í heimabyggð** og að úrgangsmál verði endurskoðuð með það að marki. Skoða þarf sérstaklega **nýtingu lífræns úrgangs til áburðarframleiðslu** og umhverfisvænni leiða við sorpflutning.

- Efla ferðamannaiðnað í Árborg með að draga fram sérkenni og menningu byggðarinnar.
- Sjá til þess að ávallt sé fyrir hendi upplýsinga- og fræðsluefni fyrir ferðafólk í Árborg bæði á íslensku og erlendum tungumálum.
- Taka þátt í samstarfi um ferðamál með öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi.
- Fundin verði svæði fyrir græna iðngarða í samvinnu við ríki, menntastofnanir og atvinnuvegi á svæðinu.
- Undirstrika að landbúnaður sé eitt af einkennum sveitarfélagsins.
- Byggja upp aðstöðu í Árborg sem laðar að innlendar og alþjóðlegar ráðstefnur.
- Fjölga opinberum störfum í sveitarfélaginu í samvinnu við ríkið, til dæmis tengd náttúruvernd.

## Velferðarmál

Samfélag félagslegs réttlætis byggist á öflugri velferðarstefnu sem tryggir rétt fólks til mannsæmandi lífskjara, félagslegra réttinda og mannglegrar reisnar. Sveitarfélagið Árborg á að vera fremst í flokki við að koma til móts við ólíkar þarfir allra íbúa á þeirra forsendum. Árborg á að vera fjölskylduvænt samfélag sem byggir á öflugum mennta- og velferðarkerfi þar sem öllum er tryggður jafn aðgangur og jöfn tækifæri til menntunar, heilsu og þátttöku í samfélaginu.

Við Vinstri græn viljum bjóða upp á fjölbreytt virkniúrræði og starfspjálfun og að einstaklingar séu hvattir til almennrar virkni og þátttöku í samfélaginu. Við teljum mikilvægt að öryrkjar, aldraðir og atvinnulausir, sem eru háðir velferðarkerfinu um afkomu sína, hafi möguleika á að lifa innihaldsríku lífi og geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Þannig getur fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins gegnt

lykilhlutverki í því velferðarsamfélagi sem við viljum byggja, enda tryggir hún viðkvæmum hópi lágmarksframfærslu þegar öðrum úrræðum sleppir. Upphæð fjárhagsaðstoðar á að vera mannsæmandi og hana ber að veita skilyrðislaust.

Við viljum að jaðarhópum, svo sem heimilislausum, utangarðsfólki og fíklum, sé boðið upp nauðsynlega þjónustu og stuðning sem og skaðaminnkandi þjónustu og almenna heilsuvernd.

Við teljum mikilvægt að uppræta fátækt. Það er lykiltríði enda fátækt brot á mannréttindum. Því þarf að tryggja gjaldfrjálsa menntun til 18 ára aldurs og öllum börnum heilnæmt fæði í skólum án endurgjalds. Vinstri græn hafna allri markaðsvæðingu á félags- og velferðarþjónustu.

Við föngum því að notendastýrð persónuleg aðstoð, NPA, hefur verið fest í sessi með lögum frá Alþingi og teljum mikilvægt að Árborg bjóði upp á fleiri slíka samninga, við viljum að unnið verði áfram að notendasamráði og valdeflingu notenda velferðarþjónustunnar.

Við viljum að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að efla Heilsugæsluna og komi á frekari þverfaglegri þjónustu í samvinnu við félagsþjónustuna.

Í samvinnu við ríki viljum við Vinstri græn fjölga dvalar- og hjúkrunarrýmum og sjá til þess að aldraðir fái lifað með reisn. Stórefla þarf heimahjúkrun og heimaþjónustu og huga sérstaklega að þörfum langveikra. Við teljum að rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila á best heima á hendi hins opinbera eða sjálfseignarstofnana og veraldlegra félagsamtaka sem ekki eru rekin í ábatakygni.

Mikilvægt er að ný hugsun í þjónustu við eldra fólk festi rætur og að hinn eðlilegi þjónustuvettvangur sé þar sem hinn aldraði kýs, en ekki á forsendum þjónustuaðila eða stofnana.



### Vinstri græn vilja:

- **Horfa heildstætt á alla félags- og velferðarþjónustu** og tryggja samþættingu ólíkra kerfa.
- Einfalda kerfið um félagslega aðstoð og **tryggja mann-sæmami fjárhagsaðstoð.**
- **Tryggja aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks og öryrkja** í sveitarfélaginu t.d. með því að fjölga búsetuúrræðum og tækifærum til menntunar.
- Auka **úrræði í atvinnumálum öryrkja og fatlaðra** - brúum bilið yfir á vinnumarkaðinn.
- Hafa virkt notendaráð þar sem hlustað er á raddir notenda og tryggt að þjónustan sé sniðin að þeirra þörfum.
- Fjölga samningum um notendastýrða persónulega aðstoð, NPA.
- Tekjutengja og **hækka frístundastyrki** fyrir börn frá fæðingu og upp í átján ára.
- Koma á **tekjutengdum frístundastyrkjum** fyrir aldraða og öryrkja.
- **Auka fjölbreytni í íþrótt- og tómstundastarfi** og tryggja jafnan aðgang allra barna.
- Vinna þverfaglega á sviði skólaheilsugæslu og sálfræðiþjónustu barna og tryggja fjármögnun í samráði við ríkið.
- **Stórauka heilsuefningu** og sporna gegn einmanaleika með því að auka aðgengi að íþróttamannvirkjum og svæðum fyrir íbúa til að stunda útivist til dæmis græn svæði, hjólreiða-, göngu-, hlaupa- og reiðstíga.
- **Efla þjónustu á sviði geðhjúkrunar** og auka samráð og samvinnu á milli heilsugæslunnar og sveitarfélagsins.
- **Efla heimaþjónustu fyrir eldra fólk** með samþættum þjónustuleiðum út frá þörfum þeirra í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og fjölga búsetu- og þjónustuleiðum.
- **Fjölga dvalar- og hjúkrunar-rýmum** í samstarfi við ríki og nágretta sveitarfélög.
- Efla dagdvöl aldraða í öllu sveitarfélaginu.

- Að starfsmönnum sveitarfélagsins af erlendum uppruna standi til boða íslenskukennsla, þeim að kostnaðarlausu og á vinnutíma.
- **Vinna markvisst að stuðningi við móttöku flóttafólks** og koma til móts við þarfir innflytjenda.
- **Koma á aðgerðaráætlunum gegn ofbeldi** í samvinnu við stéttarfélag og fagaðila. Mikilvægt er að tryggja þolendum ofbeldis félagslega þjónustu.

## Mennta- og menningarmál

Vinstri græn í Árborg leggja áherslu á að sveitarfélagið verði leiðandi afl í skólastarfi. Við viljum byggja upp öflugt menntakerfi þar sem allir geta sótt sér menntun við hæfi og gerir öllum kleift að rækta og þroska hæfileika sína og er þannig eitt mikilvægasta jöfnunartæki samfélagsins.

Menntun hefur margþættu hlutverki að gegna fyrir samfélagið og einstaklinginn. Um leið er menntun undirstaða þess að við öll getum tekið öflugan þátt í lýðræðissamfélagi. Það er samfélagslegt verkefni að byggja upp öflugt menntakerfi og skólar skulu aldrei reknir í hagnaðarskyni.

Í grunnskólum landsins koma öll börn og unglingar á skólaskyldualdri saman, óháð ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum eða atgervi. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreytileikanum innan hvers skólasamfélags og nýta öll tækifæri til að brjóta niður staðalmyndir og fordóma. Í ljósi þess er einnig áriðandi að jafnréttisfræðsla, fjölmenningsfræðsla og efling fræðsla um kynheilbrigði verði sjálfsgæddur hluti af grunnenntun barna.


Með tillit til farsældarlaga teljum við mikilvægt að fylgja eftir breytingum á stuðningskerfi við börn með það að markmiði að tryggja farsæld barna. Tryggja þarf fjármagn til innleiðingar og framkvæmdar með það að leiðarljósi að bæta hag barna sem þurfa á sértækri þjónustu að halda.

Efla þarf þjónustu innan skólanna svo sem með ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðinga til að taka á tilfinningalegum og geðrænum vanda barna og ungmenna. Snemmtæk íhlutun kemur í veg fyrir alvarlegri vanda síðar á lífsleiðinni.

Öflug og fjölbreytt menningarstarfsemi er ein af undirstöðum samfélagsins og hluti af langri sögu, menningararfi og íslenski tungu. Menning er líka mikilvægur þáttur í að byggja upp litríkt samfélag án aðgreiningar.

Menningarstefna Árborgar á að snúast um þátttöku allra. Sérstaklega þarf að efla þátttöku innflytjenda, barna og þeirra sem ekki hafa greiðan aðgang að menningarviðburðum. Menning og listir eru mikilvægur hluti samfélagsvefnaðarins og þátttaka í menningarstarfsemi og fjölbreyttri listsköpun bætir lýðheilsu og eflir fólk með ólíkan bakgrunn til þátttöku í samfélaginu. Með það í huga vilja Vinstri græn byggja Menningarhús Suðurlands í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög sem sameinar krafta fjölbreyttrar listsköpunar, menningar og sögu.

Sveitarfélagið Árborg þarf sérstaklega að huga að aðgengi hópa sem sjaldan taka þátt í menningarlífinu, til dæmis vegna uppruna, búsetu, fötlunar, efnahags eða annarra ástæðna. Sérstaklega þarf að tryggja aðgengi barna að menningu og listum og um leið að efla möguleika þeirra á þátttöku í hvers kyns skapandi starfi og listnámi.



#### Vinstri græn vilja:


- Gera **leikskólann gjaldfrjálsan** í áföngum og í samvinnu við ríkið.
- Bjóða upp á **leikskólaláss að loknu fæðingarorlofi**.
- **Gjaldfrjálssar skólamáltíðir**.
- Setja upp markvissa áætlun um **uppbyggingu og endurbætur á skólahúsnæði** sveitarfélagsins, þ.m.t. að byggja fullbúið framtíðarhúsnæði á Eyrarbakka.
- Halda áfram að **tæknivæða skólastarfið** í samráði við hvern skóla fyrir sig.
- **Vinna gegn einelti** og einmanaleika í skólum sveitarfélagsins og hlúa að hópum í viðkvæmri stöðu.
- **Bæta skólaheilsugæslu** og efla geð- og sálfræðiþjónustu barna.
- Að koma skipulagi á atvinnu- tengt nám í grunnskólum sveitarfélagsins.
- Að markvisst verði unnið áfram að því að fjölga kennaranemum sem og bæta starfsumhverfi kennara svo tryggja megi **öflugt skólastarf til framtíðar** og að kennarar hafi jafnan aðgang að endurmenntun til að kennsla megi þróast í takt við samfélagslegar breytingar.
- **Efla forvarnafræðslu og tryggja að jafnréttis- og kynfræðsla verði eflid** í öllum skólum, sem og fræðsla um hið stafræna samfélag. Efla íslenskukennslu og bæta lestrarhæfni barna.
- Leggja áherslu á lýðheilsu, útivist og **heilsueflandi samfélag**. Við eigum að nýta okkur þær náttúruperlur sem við eigum í Árborg og tengja við skólastarfið.
- Auka fjármagn í skólabóka-söfnin, þar sem þau sinna mikilvægu hlutverki í menntun allra barna og unglinga. Þau þurfa áfram að vera órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Tryggja þarf sérstaklega **fjárveitingar skóla til bókaþau** þannig að nemendur geti ávallt gengið að nýútkomnum bókum.
- **Styrkja sérfræðiþjónustu** við skólana.

- **Standa við bakið á Fjölbrautaskóla Suðurlands** og koma upp nemendagörðum í samvinnu við ríkið og sveitarfélög á Suðurlandi.
- Styðja við **gott samstarf við Háskólafélag Suðurlands** til að auðvelda aðgengi íbúa sveitarfélagsins að háskólanámi.
- Efla samstarf við tónlistarskólana í sveitarfélaginu.
- Að bjóða nemendum af erlendum uppruna velkomna inn í **viðsýnt námssamfélag** og tryggja þeim nauðsynlega þjónustu og kennslu.
- Vinna að menningarstefnu og koma henni í framkvæmd.
- **Að menningarhús Suðurlands verði byggt** í Árborg og gera áætlun um uppbyggingu og rekstur á mannvirkjum sem tengjast menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.
- **Hlúa að menningarlegum verðmætum** í sveitarfélaginu og stofna lista- og menningarsjóð sem styður við bakið á lista- og menningarlíf sveitarfélagsins.
- Byggja upp og lagfæra stikaðar gönguleiðir og viðhalda fræðsluskiltum í sveitarfélaginu.
- Að Árborg leggi áherslu á safnastarf, listsköpun og varðveislu menningarminja.
- Tryggja aðgengi allra að menningarstarfi og leitast við að ná til þeirra sem sjaldan taka þátt í slíku starfi, til dæmis vegna uppruna, búsetu, fötlunar, efnahags eða annarra ástæðna.
- Stuðla að samstarfi sveitarfélaga um **faglegt safnastarf** og varðveislu menningarminja til framtíðar.
- Tryggja aðgengi barna að menningu og listum og um leið efla möguleika þeirra á þátttöku í hvers kyns skapandi starfi og listnámi.
- **Efla listnám á öllum skólastigum.**

## Íþrótt- og tómstundamál

Góð heilsa er það dýrmætasta sem við eigum. Sveitarfélög hafa bæði samfélagslegan og fjárhagslegan ávinning af því að styðja og hvetja íbúa til heilbrigðs lífs. VG leggur áherslu á að allir íbúar eigi kost á að stunda uppbyggilegt tómstundastarf sem eflir félagslega færni, samskipti og félagsauð. Skipulagt tómstundastarf bætir andlega og líkamlega líðan fólks og dregur úr áhættuhegðun barna og ungmenna. Mikilvægt er að í Árborg sé öflugt forvarnarstarf því það er mikilvægt til að efla heilbrigði íbúa. Með öflugum og fjölbreyttu íþrótt- og tómstundastarf minnka líkur á félagslegri einangrun og eykur um leið samfélagslega ábyrgð og virkni einstaklinga.

Við viljum leggja áherslu á að íbúar hafi aðgengi að viðeigandi aðstöðu til að stunda íþróttir og sinna tómstundum hvort heldur sem er úti eða inni.



### Vinstri græn vilja:

- Halda áfram að **bæta íþróttamannvirki bæjarins** og skapa aðstæður fyrir fjölbreytt og blómlegt íþrótt- og tómstundastarf.
- Fylgja eftir áætlun um **byggingu á frístundamiðstöð**.
- Tengja tómstundastarf barna betur við skólastarf.
- **Koma á reglulegri ferðum frístundabíls** um allt sveitarfélagið, notendum að kostnaðarlausu.
- Efla enn frekar starfsemi félagsmiðstöðva sveitarfélagsins.
- Efla enn frekar **starfsemi forvarnarhóps** Árborgar.

- **Tryggja öllum börnum tómstundir við hæfi**, hvort sem er á sviði lista og skapandi starfs eða íþróttar. Börn eru fjölbreytt og því er fjölbreytni í tómstundastarfi lykilatriði.
- **Að öll börn hafi jafnan aðgang að íþróttar- og tómstundastarfi** óháð búsetu, efnahag og atgervi.
- Hafa það að leiðarljósi að íþróttaiðkun byggji ekki eingöngu á keppni heldur einnig á **heilsuefningu og mannrækt**.
- **Lengja opnunartímann í sundlaugum** sveitarfélagsins.
- Bæta aðstöðu í sundlauginni á Stokkseyri.
- **Tryggja aðgengi fatlaðra og öryrkja** að mannvirkjum Árborgar og bæta aðstöðu og aðkomu á útivistasvæðum bæjarins.
- Að frístundastyrkurinn sé vel kynntur og nýttur.
- Tryggja áfram gott samstarf við öll íþróttar- og tómstundafélög í Árborg.
- Fjölbreytta möguleika á útivist og hreyfingu.
- **Auka þátttöku í íþróttar- og tómstundastarfi** og draga úr brottfalli.
- **Bæta aðstöðu fyrir jaðariþróttir**.
- Auka aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum.
- **Tryggja framtíðaraðstöðu fyrir hestamenn** til iðkunar hestaíþróttar og útreiða.
- Að tryggð verði að þeir sem starfa með börnum og ungmönnum búi yfir nauðsynlegri og faglegrri þekkingu.

## Húsnæðis -, skipulags- og samgöngumál

Það eru mannréttindi að hafa þak yfir höfuðið og mikilvægt að tryggður sé aðgangur að vönduðu húsnæði á viðráðanlegu verði, svo kjarabætur hverfi ekki í hækkandi húsnæðiskostnaði. Mikilvægt er að efla enn frekar fjölbreyttari búsetuform með félagslegum lausnum af ýmsu tagi, svo sem óhagnaðardrifnum leigufélögum og möguleikum á öruggri langtímaleigu.

Leggja þarf áherslu á félagslegar langtímalausnir í húsnæðismálum sem þjóna þörfum fólks. Mikilvægt er að auka þátt leigu- og kaupleigufélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða á íslenskum húsnæðismarkaði.

Fjöldmörg félög á borð við Búseta og Brynju eru starfandi hér á landi. Þau eru þó flest þannig að þau bjóða húsnæði til skýrt afmarkaðra hópa.

Mikilvægt er að húsnæðissamvinnufélög án hagnaðarsjónarmiða bjóði íbúðir af ýmsu tagi, allt frá einstaklingsíbúðum upp í stærri íbúðir. Sama fjölskylda gæti því flutt milli íbúða hjá sama félagi þrátt fyrir breyttar fjölskylduaðstæður.

Að skipulag taki mið af umferðarhraða, loftgæðum og hljóðvist svo allir geti lifað í öruggu umhverfi án heilsuspillandi þátta. Dregið verði úr daglegri ferðaþörf með rafrænni þjónustu og úr ferðatengdri mengun með almenningsamgöngum og skipulagi sem stuðlar að fjölbreyttum ferðamáta fólks.





### Vinstri græn vilja:

- Setja fram skýra **framtíðarsýn í skipulagsmálum**. Að uppbygging innviða sé ávallt skrefi á undan íbúafjölgun.
- **Að uppbygging verði á forsendum sveitarfélagsins** en ekki einstaka verktaka eða fjárfesta.
- **Að húsnæðiskostnaður íbúa verði aldrei meiri en 33% af ráðstöfunartekjum**.
- Að finna **lóð fyrir nemendagarða** og leggja drög að uppbyggingu þeirra í samvinnu við ríkið og nærliggjandi sveitarfélög.
- Tryggja að **skýrar reglur gildi um skammtímaleigu til ferðamanna** í þágu almannahagsmuna.
- Að skipulag íbúðabygðar taki mið af **félagslegum fjölbreytileika** og þörfum umhverfis og íbúa.

- Að framboð verði á lóðum fyrir óhagnaðardrífín leigufélög í sveitarfélaginu.
- Að gert sé ráð fyrir **geymslu og miðlun vistvænna orkugjafa** innan sveitarfélagsins.
- **Fagna nýrri Ölfusárbrú** sem dregur úr umferð bíla á Selfossi.
- **Þétta net hjóla- og göngustíga** í bænum og tryggja að vistvænar samgöngur verði ákjósanlegur kostur.
- **Að fjölga reiðstígum** og vinna að því að þeir séu inni á skipulagi og tenging verði á milli hesthúsaþverfa sveitarfélagsins.
- Að horft verði til **heilnæms umhverfis sem hluta af mannréttindum** og tryggja aðgengi allra að grænum útivistarsvæðum.
- **Efla almenningsamgöngur** innan sveitarfélagsins og við nærliggjandi staði.
- **Að áætlunarferðir hefjist á milli Árborgar og Keflavíkurflugvallar** á þessu kjörtímabili.

## Náttúruvernd og umhverfismál


Vinstri græn leggja ríka áherslu á vernd og sérstöðu íslenskrar náttúru, til lands og sjávar, og líffræðilegra- og jarðfræðilegra fjölbreytni.

Vinstri græn í Árborg vilja að sveitarfélagið móti sér landnýtingarstefnu þar sem við allar framkvæmdir er miðað að því að fyrirbyggja mengun, lágmarka rask náttúru og lífvera og að endurnýta jarðveg.

Einnig vilja Vinstri-græn vernda og endurheimta votlendi, skóga og önnur vistkerfi. Að auki skipuleggja skógrækt og landgræðslu með líffræðilega fjölbreytni og kolefnisbindingu í huga.

Sveitarfélagið ætti að vera í fararbroddi við að breyta vandamálum í tækifæri með því að skapa verðmæti úr sorpi. Eflum hringrásarhagkerfið með því að bæta flokkun og ýta undir endurvinnslu. Við viljum vinna með fyrirtækjum, stofnunum og íbúum sveitarfélagsins til að ná þessum markmiðum og draga úr soun.

Í þessu ljósi viljum við að sveitarfélagið gangi lengra, sýni fordæmi og setji sér markvissa áætlun í grænum skrefum.



### Vinstri græn vilja:

- Að sveitarfélagið setji sér heildstæða stefnu í **umhverfismálum og náttúruvernd**.
  - Að **uppsetning á hreinsistöð fyrir frárennsli** á Selfossi verði sett í algeran forgang og að stefnt verði að bestu mögulegri lausn fyrir náttúru og mannlíf.
  - Að fundin verði **framtíðarlausn á frárennismálum** á Stokkseyri og Eyrarbakka og dreifbýli.
  - Að Árborg setji sér markmið í loftslagsmálum, meðal annars um **aukna kolefnisbindingu og minni kolefnislosun**.
  - Að Árborg setji sér tímasetta aðgerðaáætlun til að ná **kolefnishlutleysi fyrir árið 2040**.
  - Að sett verði á laggirnar **náttúruverndarnefnd í sveitarfélaginu** samkvæmt náttúruverndarlögum.
- Friðlýsa þarf svæði sem eru á náttúruminjaskrá.
  - Byggja upp græna iðngarða.
  - Efla má hringrásarkerfi sorps með markvissari hætti.
  - Stuðlað verði að því að **allur lífrænn úrgangur sveitarfélagsins** sem ekki nýtist til annars - **verði nýttur í moltugerð**.
  - Að sveitarfélagið stefni að því að **nýta vistvæna orku** í samgöngum og atvinnu.
  - **Leggja áherslu á flokkun úrgangs, endurvinnslu og hringrásarkerfið** í öllum stofnunum sveitarfélagsins.

## Mannréttindi, jafnrétti og lýðræði

Lýðræðis- og mannréttindastefna Vinstri-grænna byggist á þeirri hugmyndafræði að hver einstaklingur hafi sjálfsákvörðunarrétt, athafnafrelsi, geti tjáð skoðanir sínar án þess að ganga á rétt annarra og að öllum séu tryggð jöfn tækifæri til að móta bæði samfélagið og eigið líf.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð einsetur sér að uppræta allar birtingarmyndir kynjamerittis í samfélaginu og brjóta þannig upp kynjakerfi sem er skaðlegt fyrir stöðu, tækifæri og þátttöku allra. Þannig sköpum við betra samfélag fyrir okkur öll óháð kyni.

Virkt lýðræði með jafnri aðkomu allra krefst þess að allir geti tekið þátt óháð fjárráðum, heilsu og menntun. Sérstaklega þarf að huga að valdeflingu minnihlutahópa og þeirra sem hafa veika stöðu í samfélaginu og tryggja þeim víðeigandi aðstoð. Tryggja þarf fólki tíma til þátttöku og virða mannréttindi þess.

Vinstri græn vilja að Árborg setji sér skýra stefnu í málefnum hinsegin fólks og vinni á grundvelli hennar aðgerðaáætlun til innleiðingar þess sem upp á vantar. Hagsmunasamtök hinsegin fólks á Íslandi gegna lykilhlutverki í réttindabaráttu hinsegin samfélagsins. Innan þeirra vébanda eru sérfræðingar og nauðsynlegt er að leita til þeirra við alla stefnumótun. Tryggja þarf virkt samtal, þátttöku og aðkomu félagasamtaka eins og Samtakanna '78, Trans Ísland og Intersex Ísland í opinberri stefnumótun um hinsegin mál og framkvæmd hennar með auknum stuðningi við rekstur og fræðslustarf.

Skapa þarf vettvang fyrir rökræður, samráð og sameiginlega ákvarðanatöku. Einnig þarf að efla lögbundin réttindi almennings til að færa ákvarðanir í lýðræðislegt ferli. Almennur þarf að geta átt frumkvæði að málum, til dæmis með því að leggja fram formlegar tillögur um samfélagsbreytingar.

Mikilvægt er að almenningur hafi raunverulegan aðgang að upplýsingum um ákvarðanir sem varða almannahagsmuni. Skylda bæjaryfirvalda á að vera að miðla upplýsingum með aðgengilegum hætti.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að fjölbreytileiki sé styrkur hvers samfélags og því á íslenskt samfélag að taka þeim fagnandi sem hingað koma. Árborg á að veita því fólki sem sest að í sveitarfélaginu sömu tækifæri og öðrum íbúum þess svo sem til atvinnuöryggis, húsnæðisöryggis og tryggjar heilbrigðisþjónustu.

Réttlátt og öflugt samfélag nýtur hæfileika og þekkingar allra óháð uppruna. Þá væri mikill fengur af aukinni þátttöku innflytjenda í stjórnámálum. Fordómar sem byggja á uppruna og trúarbrögðum verða ekki liðnir í Árborg, né heldur orðræða og framkoma sem felur í sér hatur og tortryggni gagnvart innflytjendum. Við í Vinstri grænum teljum mikilvægt er að efla alla þjónustu sem tengist móttöku innflytjenda, svo sem með því að auka upplýsingagjöf til þeirra um réttindi, skyldur, atvinnu og húsnæði.

Brýnt er að tryggja að innflytjendum og erlendu verkafólki sé ekki mismunað í launum eða á nokkurn annan hátt. Þjóða þarf íslenskukennslu innflytjendum að kostnaðarlausu sem og móðurmálskennslu fyrir börn sem hafa íslensku sem annað mál. Taka skal vel á móti innflytjendum, ekki síst þeim sem flýja örbirgð og stríð í heimahögum sínum.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð veit að mikilvægt er að raddir allra hópa samfélagsins heyrist við borðið þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Því vill hreyfingin að ungu fólki, kynslóðunum sem erfa munu samfélagið, sé ávallt veitt aðkoma að umræðum og ákvarðanatöku innan hreyfingarinnar. VG treystir ungu fólki.



### Vinstri græn vilja:

- **Að jafnréttissjónarmið ráði í allri ákvarðanatöku** hjá Árborg.
- **Berjast gegn kynbundnu ofbeldi og efla forvarnir.**
- **Tryggja jafnrétti kynjanna** í starfsemi sveitarfélagsins og vinna gegn kynbundnum launamun.
- Meira og faglegra samráð við íbúa á öllum stigum.
- Leggja áherslu á að stjórnkerfi og kjörnir fulltrúar beri ábyrgð á að  **tryggja vandaða upplýsingagjöf** til íbúa.
- Að Árborg tryggja áfram **starfsemi ungmennaráðs** og gefi því meira vægi.
- Að virkja samráð við notendur á öllum sviðum velferðarþjónustunnar.
- Að virkja enn frekar **notendaráð.**
- Að tryggja **virkt samtal við félagasamtök sem eru í forsvari fyrir hinsegin fólki.**
- **Bæta þjónustu við trans börn,** foreldra þeirra og forsjáraðila.
- Að öll launasetning á vegum sveitarfélagsins byggji á samræmdu mati á virði starfa.
- **Að stjórnendur fái fræðslu og þjálfun við að launasetja störf** í samræmi við jafnlauna-ákvæði laga.
- **Að Árborg taki vel á móti innflytjendum og flóttafólki** og tryggi víðeigandi þjónustu.
- Að Árborg móti sér stefnu um aukinn stuðning við fólki sem er á flóttu og á í samstarfi við ríkið að **taka á móti fleira flóttafólki.**
- **Að Árborg taki öllum nýjum íbúum fagnandi.**

# Framboðslisti

## Árborg




**1. sæti**  
Sigurður Torfi Sigurðsson  
Ráðunautur



**11. sæti**  
Magnús Thorlacius  
Fiskalífraeðingur



**12. sæti**  
Dagmara María Zolich  
Félagslídi



**13. sæti**  
Ágúst Hafsteinsson  
Pípulagningamaður



**2. sæti**  
Guðbjörg Grímsdóttir  
Framhaldsskólakennari



**3. sæti**  
Jón Özur Snorrason  
Framhaldsskólakennari



**4. sæti**  
Snædís Ósk Harðardóttir  
Deildarstjóri grunnskóla



**14. sæti**  
Nanna Þorláksdóttir  
Fv. skólafulltrúi og eftirlaunabegi



**15. sæti**  
Birgitta Ósk Hlöðversdóttir  
Framhaldsskólakennari



**16. sæti**  
Ægir Pétur Ellertsson  
Framhaldsskólakennari



**5. sæti**  
Guðrún Runólfsdóttir  
Einkapjálfi



**6. sæti**  
Leifur Gunnarsson  
Lögfræðingur



**7. sæti**  
Pétur Már Guðmundsson  
Bóksali



**17. sæti**  
Margrét Magnúsdóttir  
Gardyrkjufraeðingur



**18. sæti**  
Anna Gunnarsdóttir  
Hjúkrunarfræðingur



**19. sæti**  
Jóhann Óli Hilmarsson  
Fuglafræðingur



**8. sæti**  
Krístrún Júlía Halldórsdóttir  
Myndlístaðkona




**9. sæti**  
Alex Máni Guðríðarson  
Fuglaljósmyndari




**10. sæti**  
Ágústa Eygló Backman  
Fiskeldisfræðingur



**20. sæti**  
Ingibjörg Álfrós Björnsdóttir  
Efnafraeðingur



**21. sæti**  
Þorsteinn Ólafsson  
Dýralæknir



**22. sæti**  
Guðrún Jónsdóttir  
Félagsráðgjafi/eftirlaunabegi

# Göngum lengra

Kynntu þér málin okkar: [x22.vg.is](http://x22.vg.is)  
Vertu með: [facebook.com/  
vinstrigraenarborg](https://facebook.com/vinstrigraenarborg)



**XV**  
14. maí